



# Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2019

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU  
JÚNÍ 2015



# Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015–2019

---

## 1 Inngangur

Hinn 10. febrúar 2015, undirrituðu menntamálaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra annars vegar og stjórnarformaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hins vegar samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015–2019. Samkvæmt þeim samningi munu 19,4 m. króna renna árlega til SSH til úrvinnslu verkefna sem tengjast sóknaráætluninni.

Frá árinu 2013 hafa verið unnar sérstakar sóknaráætlanir landshluta sem fjármagnaðar hafa verið með framlögum úr ríkissjóði annars vegar, og verkefnaframlagi viðkomandi landshlutasamtaka og samstarfsaðila þeirra hins vegar.

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015–2019 er eðlilegt framhald þeirrar vinnu sem var unnin á árunum 2013 og 2014.

Fram til þessa hafa verið gerðir samningar milli ríkisvaldsins og landshlutasamtaka um gerð sóknaráætlana til eins árs í senn. Nú liggur hins vegar fyrir samningur sem tekur til árána 2015–2019. Með slíkum samningi breytast verulega forsendur til gerðar sóknaráætlunar, þar sem hann gefur landshlutasamtökunum færi á að horfa til lengri tíma í undirbúningi og verkefnavali.

Á grundvelli samningsins og með vísun í þá stefnu og framtíðarsýn sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sett fram í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040 eru hér sett fram þau leiðarljós sem sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015–2019 mun byggjast á. Jafnframt eru settar fram hér skilgreindar verkefnatillögur fyrir árið 2015. Þessi verkefni mótast af þeirri greiningarvinnu, ábendingum og tillögum sem skiluðu sér úr vinnu við sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013. Stjórn SSH mun síðan á haustmánuðum 2015 virkja sérstakan samráðsvettvang til frekari mótunar verkefna fyrir árin 2016–2019. Í ljósi góðrar reynslu af starfi sérstaks ráðgjafaráðs sem kallað var saman vegna undirbúnings að mótun sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2013 verður horft til þess að nýta þann hóp, með þeim breytingum og útvíkkun sem horfa þarf til vegna ákvæða um samráðshóp í samningi um sóknaráætlun 2015–2019.

Vinna við sóknaráætlun 2015–2019 mun í öllum meginþáttum byggjast í fyrirliggjandi stefnu og leiðarljósum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar liggur fyrir að mótun og val einstakra verkefna verða ekki njörvuð niður á þessu stigi máls, og því verður að líta á þessa lýsingu nú sem fyrstu útgáfu af skjali sem verður í viðvarandi mótun og sem mun taka breytingum við árlega endurskoðun.



## 2 Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins; Framtíðarsýn og leiðarljós

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sameiginlega í nýju svæðisskipulagi, sett fram skýra framtíðarsýn og stefnu um þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040:

**Höfuðborgarsvæðið býður upp á fjölbreytt atvinnulíf sem byggt er á hugviti og hagnýtingu þess. Styrkar stoðir verðmætasköpunar standa undir launum og lífskjörum sem eru á borð við þau bestu í heiminum. Rannsóknastofnanir á svæðinu eru í fremstu röð og leggja grunn að frjórrí nýsköpun á fjölmörgum sviðum. Höfuðborgarsvæðið er nútímalegt borgarsamfélag sem í senn er alþjóðlegt og með skýr sérkenni. Höfuðborgarsvæðið laðar að sér fólk hvaðanæva að sem vill starfa þar um lengri eða skemmri tíma eða njóta þess sem gestir.**

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015–2040 nefnist Höfuðborgarsvæðið 2040 og er sameiginleg stefna sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um náð samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin. Höfuðborgarsvæðið er eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru.

Ísland hefur einungis eitt borgarsvæði og sem slíkt gegnir höfuðborgarsvæðið veigamiklu hlutverki sem miðstöð stjórnsýslu, menntunar og menningar fyrir landið allt. Í nútímasamfélagi, þar sem fólk, fyrirtæki og fjármagn eru hreyfanleg, hafa öflug borgarsvæði sífellt meira vægi sem drifkraftur nýsköpunar og nýrra tækifæra. Það er lykilatriði í samkeppnisstöðu landsins að höfuðborgarsvæðið þróist í nútímalegt borgarsamfélag með alþjóðlegu yfirbragði þar sem lífskjör og tækifæri verði sambærileg við bestu borgir.

Síðustu áratugi hefur höfuðborgarsvæðið verið í örur vexti og flest bendir til að svo verði áfram. Með auknum vexti blasa við flóknar áskoranir, fyrirséðar og ófyrirséðar, sem íbúar svæðisins standa frammi fyrir og er stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 mótuð til að leiðbeina við úrlausn þeirra. Lykilatriði í stefnunni er að sá vöxtur verði hagkvæmur og ekki verði gengið á umhverfisgæði þeirra sem þar búa fyrir. Það er því nauðsynlegt að fyrirsjáanlegri fólksfjölgun verði mætt án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli og án þess að óbyggt land verði brotið í sama mæli og síðustu áratugi.

Nýtt hágæðakerfi almenningsamgangna, Borgarlína, getur gegnt þar lykilhlutverki og tengt kjarna allra sveitarfélaganna saman með samgöngu- og þróunarási. Með Borgarlínu verður til skilvirkur valkostur í samgöngum, þar sem íbúar geta gengið að hágæða almenningsamgöngukerfi og ferðast fljótt um höfuðborgarsvæðið.

Byggðapróun verður samofin góðu samgönguneti. Uppbyggingu íbúða og atvinnu verður beint í sem mestum mæli inn á svæði sem njóta góðra almenningsamgangna. Farþegagrunnur almenningsamgangna verður því styrktur og þannig skapast skilyrði fyrir bættu þjónustu. Borgarlína og samgöngumiðuð uppbygging sem beint er á kjarna víðs vegar um höfuðborgarsvæðið mun styrkja öll hverfi á höfuðborgarsvæðinu. Álag á miðborgina minnkar með því að skapa fleiri eftirsóknarverð svæði sem eru tengd hágæða almenningsamgöngum.

Hið gjöfula samstarf sem lagður er grunnur að í nýju svæðisskipulagi, „Höfuðborgarsvæðið 2040“ verður drifkraftur fyrir farsæla uppbyggingu nútíma borgarsvæðis þar sem unnið verði að sjálfbærri þróun. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru ólík og mikilvægt er að þau fóstri sín sérkenni til að allir geti fundið byggð við sitt hæfi. Þannig verði skapaður frjósamur jarðvegur sem laði það besta fram á svæðinu öllu.



Markmið sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015–2019 er að vinna að framgangi þessarar framtíðarsýnar, sem og þeirrar stefnu og áhersluþátta sem sett eru fram í nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040 í því skyni að tryggja að höfuðborgarsvæðið geti mætt þeirri fjölskiðun sem gert er ráð fyrir á skipulags-tímabilinu. Um leið verður unnið að styrkingu á samkeppnishæfni svæðisins og landsins alls gagnvart erlendri samkeppni um mannaúð og fjármagn til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar.

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015–2019 er aðgerðaáætlun sem verður í meginatriðum byggð á:

- Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, „Höfuðborgarsvæðið 2040“ og þeirri framtíðarsýn, stefnu og aðgerðatillögum sem þar er að finna.
- Sérstakri 4 ára þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins sem unnin er á grundvelli nýs svæðisskipulags.
- Niðurstöðum, tillögum og ábendingum úr greiningarvinnu og verkefnum sem tengdust sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013

Í greinargerð með nýju svæðisskipulagi, „Höfuðborgarsvæðið 2040“ eru sett fram eftirfarandi leiðarljós sem saman marka þá stefnu og þá sýn sem sveitarfélögin hafa sammælt um:

- LEIÐARLJÓS 1: Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins**
- LEIÐARLJÓS 2: Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi**
- LEIÐARLJÓS 3: Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni**
- LEIÐARLJÓS 4: Heilnæmt umhverfi
- LEIÐARLJÓS 5: Gott nærumhverfi
- LEIÐARLJÓS 6: Árangursríkt samstarf um þróun höfuðborgarsvæðisins.

Við mótun þeirra verkefna sem unnin verða á grundvelli sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015–2019 verða fyrstu 3 leiðarljósin lögð til grundvallar, og í því sambandi verður m.a. sérstaklega horft til þess að höfuðborgarsvæðið er eina borgarsamfélagið á Íslandi og hefur sem slíkt sérstakt hlutverk í að tryggja uppbyggingu öflugs þekkingarsamfélags í þágu alls landsins.



## 2.2 Tengsl verkefnatillagna ársins 2015 við leiðarljós svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040

Gert er ráð fyrir að á árinu 2015 verði unnið að eftirfarandi verkefnum undir merkjum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015–2019:

- Verkefni 1:** „Borgarlína, seinni hluti“
- Verkefni 2:** „Tölfræði höfuðborgarsvæðisins“
- Verkefni 3:** „Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum“
- Verkefni 4:** „Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg“

Framangreindum verkefnum er ítarlega lýst í sérstökum verkefnablöðum í kafla 4 hér á eftir.

Tengsl þessara verkefna við leiðarljós svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2040 eru eftirfarandi:

### Leiðarljós 1: Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins

Markmið 1.1.: Þróun þéttbýlis verður innan vaxtamarka borgarbyggðar

#### Aðgerðir á vegum SSH:

- SSH uppfærir og viðheldur mannfjöldaspá

Markmið 1.2.: Meginþunga vaxtar verður beint á kjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66% af allri borgarbyggðinni

#### Aðgerðir á vegum SSH:

- SSH viðheldur kortagrunni og lykiltölum um staðsetningu og uppbyggingu íbúða og starfa í kjörnum og öðrum samgöngumiðuðum þróunarsvæðum
- Sveitarfélögin og Strætó bs. vinni markvisst að eflingu þjónustustigs almenningsgangna í takti við fjögurra ára þróunaráætlanir.
- Sveitarfélögin og Strætó bs. leggja til lykiltölur um húsnæðisuppbyggingu og þróun almenningsgangna

### Tengsl sóknaráætlunar – verkefni 2015 :

**Verkefni 1 „Borgarlína, seinni hluti“** er nauðsynlegur undirbúningur að innleiðingu á nýjum leiðum í rekstri almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu og forsenda útfærslu á stefnu svæðisskipulagsins um þróun þéttbýlis innan skilgreindra vaxtamarka borgarbyggðar.

Verkefnið er beint framhald af þeirri vinnu að undirbúningi vegna borgarlínunnar sem hófst á árinu 2014.

**Verkefni 2 „Tölfræði höfuðborgarsvæðisins“** sem unnið verður á árinu 2015 undir hatti sóknaráætlunar hefur beina tengingu við ofangreind markmið, þ.e. að tryggja að á hverjum tíma séu til staðar þær tölfræðilegu upplýsingar sem þörf er á til að tryggja nauðsynlega yfirsýn og stýringu sveitarfélaganna á uppbyggingu byggðar í samræmi við meginmarkmið um þróun þéttbýlis innan vaxtamarka borgarbyggðar. Með sama hætti verður horft til ítarlegrar tölfræði um samgöngur innan höfuðborgarsvæðisins.

Verkefnið á sér samsvörun við verkefnið „Upplýsingabrunnur SSH“ sem gerð var tillaga um í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðið 2014, en er víðtækara og öflugra en þá var gert ráð fyrir.



## Leiðarljós 2: Skilvirkar samgöngur og nútímaleg samgöngukerfi

Markmið 2.1: Á höfuðborgarsvæðinu verður raunhæft val um skilvirka samgöngumáta

Markmið 2.2: Hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum innan svæðisins verði a.m.k. 12%

### Tengsl sóknaráætlunar – verkefni 2015:

Verkefnið „**Borgarlína, seinni hluti**“ tengist lykilforsendu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um nauðsynlegar aðgerðir til að ná fram markmiði um skilvirkar samgöngur og nútímaleg samgöngukerfi.

Fyrir liggur að núverandi fyrirkomulag Strætó bs. við rekstur leiðakerfis á höfuðborgarsvæðinu með hefðbundnum vagnafloða mun ekki anna flutningsþörf á háannatímum lengur en fram til ársins 2016–2017. Því er þörf á nýjum lausnum sem tekið geta við og annað þörfinni þaðan í frá. Mótun, uppbygging og rekstur borgarlínunnar er ætlað að taka við þegar afkastageta núverandi kerfis er komin á endimörk.

## Leiðarljós 3: Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni.

Markmið 3.1: Alþjóðleg samkeppnisstaða höfuðborgarsvæðisins verður styrkt með markvissu skipulagi sem samþættir skilvirkar samgöngur og eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði.

Markmið 3.2: Samstarf sveitarfélaga á suðvesturhorninu um hagkvæma byggðapróun verður eflt.

### Tengsl sóknaráætlunar – verkefni 2015:

Á árinu 2015 er gert ráð fyrir tveimur verkefnum sem miða að eflingu og styrkingu á samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins:

**Verkefni 1 „Borgarlína, seinni hluti“** tengist lykilforsendu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um nauðsynlegar aðgerðir til að samþætta skilvirkar og eftirsóknarverð uppbyggingarsvæði í öllum sveitarfélögunum. Sérstaklega verður horft til samspils Borgarlínu og lestar-samgangna til Keflavíkurflugvallar sem nýtast mun bæði flugfarþegum og íbúum Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins.

**Verkefni 2, „Tölfræði höfuðborgarsvæðisins“** tengist með beinum hætti styrkingu á alþjóðlegri samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins með því að draga fram nauðsynlegar upplýsingar um hagkerfi, innviði og aðra þá þætti sem þörf er á að liggja fyrir með skýrum hætti við mat á samkeppnishæfninni og greiningu á hvar gera má betur. Sömuleiðis á þetta verkefni beina tengingu við verkefni 3, „Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum“, þar sem dregnar verða fram lykilupplýsingar sem skipta máli í upplýsingagjöf til erlendra fjárfesta, s.s. staða atvinnulóða í skipulagi sveitarfélaganna, mannauðsupplýsingar o.fl.

**Verkefni 3 „Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum“** er beint framhald verkefnisins „Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins undir einu vörumerki“ sem unnið var sem hluti af sóknaráætlun 2013. Í því verkefni var horft til markaðssetningar gagnvart erlendum ferðamönnum („destination Reykjavík“) en nú verður haldið áfram og horft á staðarvalskosti á höfuðborgarsvæðinu („location Reykjavík“) og kynning þeirra gagnvart erlendum fjárfestum.



Meginþættir þessa verkefnis tengjast vel þeim áherslum sem fram koma í markmiði 3.1. í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, og miða allir að því að auka vitund mögulegra fjárfesta á kostum höfuðborgarsvæðisins, stilla saman aðgerðir aðildarsveitarfélaganna, tryggja nauðsynlega yfirsýn og rétta upplýsingagjöf um svæðið.

**Verkefni 4 „Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg“** hefur þann tilgang að stilla saman aðgerðir sveitarfélaganna til að auka samkeppnishæfni æðri menntastofnana á höfuðborgarsvæðinu gagnvart erlendum háskólaborgum. Byggt verður á niðurstöðum og tillögum samnefnds verkefnis sem unnið var sem hluti af sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013 og unnið að því að stilla saman nauðsynlegar aðgerðir aðildarsveitarfélaganna í samræmi við tillögurnar frá 2013.



### 3 Höfuðborgarsvæðið - stöðugreining

Þessi stöðugreining byggir að stærstum hluta á þeirri greiningarvinnu sem ráðist var í við gerð sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2013. Einkum er leitað fanga í skýrslunum *Höfuðborgarsvæðið og hagkerfið*<sup>1</sup> og *Þróun og framreikningur íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu*.<sup>2</sup> Jafnframt er horft til stöðugreiningar *Byggðastofnunar á höfuðborgarsvæðinu*.<sup>3</sup> Í viðauka er að finna yfirlit yfir fleiri verkefni sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2013 sem gagnast við stöðumatið.

#### 1. Höfuðborgarsvæðið, staðhættir og sérkenni

- 1.1. **Borgarsamfélag.** Skilgreining OECD á borgarsvæðum („Functional Urban Areas“) byggist á þremur meginvörðum: íbúafjölda, þéttleika byggðar og atvinnusókn milli svæða. Höfuð-borgarsvæðið fellur í flokk lítilla borgarsvæða í greiningu OECD. Kjarni borgarsvæða er þyrping þar sem a.m.k. 1.500 íbúar eru á hvern km<sup>2</sup>. Kjarna borgarsvæðis höfuðborgarsvæðisins mynda fjögur sveitarfélög: Reykjavík, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður sem uppfylla þessi skilyrði. Seltjarnarnes og Mosfellsbær eru ekki eins þéttbýl í heild, en vinnusókn til kjarna svæðisins er veruleg og langt umfram það að 15% íbúa sæki vinnu til kjarnans.<sup>4</sup>
- 1.2. Í alþjóðlegum samanburði er þó höfuðborgarsvæðið mjög strjálbýlt, (35 á hektara árið 2012) og áhrif þess á samgöngur og samgöngumynstur miklar.
- 1.3. Höfuðborgarsvæðið er eina svæðið á Íslandi sem telst borgarsvæði og efnahagslegur styrkur höfuðborgarsvæðisins umfram aðra landshluta liggur öðru fremur í fólksfjöldanum. Fyrir vikið getur höfuðborgarsvæðið boðið upp á margt á sviði efnahags- og mannlífs sem ekki er mögulegt annars staðar á landinu.
- 1.4. **Íbúar, mannfjöldapróun.** Þann 1. janúar 2015 voru íbúar á höfuðborgarsvæðinu 211.282 talsins eða 64% landsmanna. Hvarvetna um heiminn reynist borgarlíf eftirsóknarvert og dregur einkum að sér ungt fólk. Þetta kemur glöggst fram í skýrslu Capacent frá 2014, en þar kváðust 47% aðspurðra um land allt á aldrinum 18-24 ára helst vilja flytja til Reykjavíkur. Einkennandi fyrir höfuðborgarsvæði er að nettó-fjölgun hefur verið mikil í aldurshópnum 15-30 ára annars vegar en hins vegar í elstu aldurshópnum. Síðastliðinn aldarfjórðung hefur landsmönnum fjölgað um tæplega 70 þúsund, þar af er fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu tæplega 62 þúsund, eða 90% fjölgunar landsmanna.
- 1.5. Í samanburði við önnur landssvæði liggur sérstaða höfuðborgarsvæðisins í fólksfjöldanum og þéttleika byggðar. Í samanburði við borgarsvæði annars staðar í heiminum er sérstaðan hins vegar fámenni og strjálbýli.
- 1.6. Framreikningar íbúafjölda sem byggja á öllum helstu forsendum mannfjöldaspár Hagstofu Íslands, benda til að höfuðborgarbúum muni fjölga um 30-38 þúsund fram til ársins 2025 og verða 66% landsmanna, samanborið við 64% í dag.

1

[http://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyrslur/Vaxtarsamningur/Hofudb\\_hagkerfi-26.08.2014.pdf](http://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyrslur/Vaxtarsamningur/Hofudb_hagkerfi-26.08.2014.pdf)

2

[http://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyrslur/Vaxtarsamningur/mannfjoldi\\_lokaskyrsla\\_NET.pdf](http://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyrslur/Vaxtarsamningur/mannfjoldi_lokaskyrsla_NET.pdf)

<sup>3</sup> Höfuðborgarsvæðið: Stöðugreining 2014.

<http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/hofudborgarsvaedid.-stodugreining-2014.pdf>

4

[http://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyrslur/Vaxtarsamningur/mannfjoldi\\_lokaskyrsla\\_NET.pdf](http://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyrslur/Vaxtarsamningur/mannfjoldi_lokaskyrsla_NET.pdf)





- 1.7. Frávik frá sviðsmyndum Hagstofu gerir ráð fyrir að fólksflutningar milli landa muni færast í aukanna eftir því sem á öldina líður og flutningsjöfnuður Íslands gagnvart útlöndum verði mun jákvæðari en felst í forsendum Hagstofu. Gangi þessi fráviksmynd eftir verður fjölgun lands-manna meiri en felst í grunnspám Hagstofunnar og fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu verði á bilinu 62 til 75 þúsund fram til 2040. Þessi niðurstaða er lögð til grundvallar við gerð svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

**Áskorun:** Fjölgun fólks á höfuðborgarsvæðinu á næstu áratugum mun hafa margvísleg umhverfis- og efnahagsleg áhrif. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og sóknaráætlun 2015–2019 miða að því að bregðast við þeim áskorunum.

## 2. Menntun

- 2.1. Menntasókn hefur aukist hröðum skrefum og nánast orðið sprenging í aðsókn að skólum á háskólastigi. Á höfuðborgarsvæðinu starfa þrjár háskólar og fjölmörg fyrirtæki og stofnanir í þekkingariðnaði.
- 2.2. Árið 2013 voru 17.400 nemendur skráðir í háskólana á höfuðborgarsvæðinu og hafði fjölgað um 40% frá 2007. Höfuðborgarsvæðið er því háskólaborg og hlutfall háskólanema af íbúafjölda er um 8,5%. Mikilvægt er að efla svæðið sem háskólaborg, en með því er lagður grunnur að aukinni samkeppnishæfni og nýsköpun.
- 2.3. Allmikill munur er á menntunarstigi eftir búsetu. Samkvæmt rafrænu manntali Hagstofu Íslands voru 19,3% landsmanna með háskólapróf (þ.m.t. doktorspróf) í árslok 2011, 23,1% íbúa höfuðborgarsvæðisins, en einungis 12,6% íbúa á landsbyggð. Rösklega 40% íbúa á landsbyggð eru með grunnskólapróf sem hæstu prófgráðu en 28% íbúa höfuðborgarsvæðisins.
- 2.4. Hátt menntunarstig er styrkleiki höfuðborgarsvæðisins gagnvart öðrum landshlutum. Hin raunverulega samkeppni sem höfuðborgarsvæði mun þurfa að takast á við er þó gagnvart öðrum borgarsvæðum í Evrópu og víðar.
- 2.5. Ætla má að hreyfanleiki vel menntaðs vinnuafls sé meiri en annarra, ekki síst er þá vísað til heilbrigðisstarfsfólks og tæknimenntaðs fólks. Í því felst ákveðin ógnun fyrir höfuðborgarsvæðið sem bregðast verður við.
- 2.6. Mörg íslensk fyrirtæki sækja sérhæfða starfsmenn til annarra landa vegna skorts á ýmsri sérhæfingu innanlands. Enginn alþjóðlegur grunnskóli er nú starfræktur á höfuðborgarsvæðinu og torveldar það ásamt öðru ráðningar erlendra sérfræðinga. Hættan er sú að öflug íslensk nýsköpunarfyrirtæki neyðist til að flytja höfuðstöðvar til annarra landa þar sem aðgengi að sérhæfðu og sérmenntuðu fólki er meiri en býðst hér heima.

**Áskorun:** Tryggja atvinnu fyrir vaxandi fjölda vel menntaðs fólks í arðbærum og vel launuðum störfum á höfuðborgarsvæðinu.

## 3. Efnahagsþróun

- 3.1. Hagkerfi höfuðborgarsvæðisins hvílir á mörgum stoðum, þótt þjónusta ýmiss konar sé fyrirferðarmest. Engu að síður sýna áætlanir að efnahagssveiflur eru meiri á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu.
- 3.2. Alþjóðlegur samanburður sýnir að landsframleiðsla á mann er töluvert hærrí á höfuðborgarsvæðum en annars staðar í viðkomandi löndum. Þannig má nefna að landsframleiðsla á mann var 60% hærrí á Stokkhólmsvæðinu en annars staðar í Svíþjóð, minnstur var munurinn í Noregi þar sem landsframleiðsla á mann var 13% meiri á Oslósvæðinu en annars staðar í ríkinu. Áætluð landsframleiðsla á mann á höfuðborgarsvæðinu árið 2012 var 5,5 mkr. en 5 mkr. utan þess, munurinn var þannig aðeins um 10% sem er mjög lítið í alþjóðlegum samanburði.



- 3.3. Frá árinu 2010 hefur störfum á landinu fjölgað um 10.300 eða 6%. Nemur fjölgun á höfuðborgarsvæðinu 7.500 eða 7% og um 2.800 eða 5% á landsbyggðinni. Frekari greining sýnir að starfafjölgunin er mest í greinum sem tengdar eru ferðaþjónustu. Helmingur nettófjölgunar starfa á landsbyggðinni er í rekstri veitinga- og gistihúsa og nær fimmtungur á höfuðborgarsvæðinu. Fjölgunin á landsvísu er einkum í störfum þjónustu- og verslunarfólks (fjölgun um 6.700 störf eða 20%) og í störfum ósérhæfðs starfsfólks (fjölgun um 3.000 störf eða 30%) sem endurspeglar fjölgun starfa í ferðaþjónustu. Á höfuðborgarsvæðinu hefur störfum sérfræðinga (með háskólapróf) fjölgað um 4.000 eða 15%, en á landsbyggðinni hefur sérfræðingastörfum fækkað um 900 eða 10%.
- 3.4. Á landsvísu hefur atvinnuleysi minnkað um 2,6 prósentustig frá 2010 til 2014. Mest hefur atvinnuleysi minnkað meðal fólks með grunnmenntun eða um 4,2 prósentustig. Hins vegar var atvinnuleysi meðal háskólamenntaðra jafn mikið árið 2014 og 2010, eða 3,7%.
- 3.5. Framreikningur mannfjöldans á höfuðborgarsvæðinu gefur til kynna að fram til 2025 þurfi að verða til 14-17 þúsund störf á svæðinu, miðað við að aldursbundin atvinnuþátttaka verði óbreytt frá því sem nú er.

**Áskorun:** Bæta þarf úr skorti á haldgóðum og tímabærum hagtölum og spám eftir landshlutum.

#### 4. Alþjóðageirinn og samkeppnishæfni.

- 4.1. Til alþjóðageirans flokkast þau fyrirtæki sem eru í samkeppni á erlendum mörkuðum og eru að mestu óháð staðbundnum auðlindum landsins. Auðlindageirinn er einnig útflutningsmiðaður, en hann byggir fyrst og fremst á nýtingu auðlinda landsins.
- 4.2. Vöxtur lítils og opins hagkerfis takmarkast af getu þess til að afla gjaldeyris til að standa undir þeim innflutningi sem bætt lífskjör kalla óumflýjanlega á og til að standa skil á erlendum lánum. Útflutningur sem byggir á meira eða minna mæli á auðlindum ber uppi gjaldeyrisöflun landsmanna í dag. Í skýrslu McKinsey, *Charting a Growth Path for Iceland* er gert ráð fyrir að til þess að ná 3-4% árlegum hagvexti til ársins 2030 þurfi að tvöfalda útflutning vöru og þjónustu. Sú viðbót verður ekki nema að mjög takmörkuðu leyti byggð á auðlindageiranum. Styrkja þarf alþjóðageirann og færa fólk og fjármagn frá öðrum geirum til hans. Grundvöllur þess er bætt samkeppnishæfni landsins á öllum sviðum.
- 4.3. Alþjóðageirinn vegur mun þyngra á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggð, með 14% framlag til landsframléiðslu á höfuðborgarsvæðinu og 7% á landsbyggð. Alþjóðageirinn stendur því og fellur með samkeppnisstyrk höfuðborgarsvæðisins.
- 4.4. Samkeppni um fólk og fyrirtæki þekkir hvorki landamæri né borgarmörk og ekkert sem bendir til þess að úr því dragi. Samkeppnishæfni landsins stendur og fellur með styrk höfuðborgarsvæðisins. Allmargar greiningar eru til um samkeppnishæfni borga/borgarsvæða. Reykjavík/ höfuðborgarsvæðið er metið í tveimur nýlegum skýrslum um samkeppnishæfni.
  - 4.4.1. PricewaterhouseCoopers (PwC) stóð fyrir samanburðarrannsókn á samkeppnishæfni höfuðborga Norðurlandanna (Northern Lights: The Nordic Cities of Opportunity), þar sem sjónum var einkum beint að nýsköpunarhæfni borga. Reykjavík stendur öðrum höfuðborgum á Norðurlöndum að baki á flestum sviðum. Þrátt fyrir þetta eru greind margvísleg sóknarfæri s.s. á sviðum orkunýtingar og umhverfisferðamennsku. Reykjavík kemur allvel út úr samanburði á þáttum sem snúa að mannauði og lífsgæðum, s.s. er varðar hlutfall háskólamenntaðra, heilbrigðisþjónustu og lága glæpatíðni.
  - 4.4.2. Rannsóknardeild vikublaðsins *Economist* (Economist Intelligence Unit) metur lífskilyrði (e. liveability) í 140 borgum víðs vegar um heiminn. Athugunin er greind í fimm flokka; öryggi, heilbrigðisþjónusta, menning og umhverfi, menntun og innviðir. Í nýjustu könnuninni sem tekur til ársins 2014 er Reykjavík í 54. sæti með 88 stig af hundrað mögulegum.



Margvíslegar tölulegar upplýsingar voru ekki fyrir hendi þegar aðstæður í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu voru metnar í þessum verkefnum. Brýnt er að bæta hér úr, en að auki var upplýsingaskortur afar bagalegur við vinnslu sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2013.

**Áskorun:** Bæta samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og koma því á kort fjárfesta einkum í þekkingariðnaði. Þannig verður best stuðlað að vexti alþjóðageirans.

## 5. Atvinnuskipting og einstakar atvinnugreinar.

5.1. **Verkaskipting** milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðar er með viðlíka hætti og þekktist í öðrum löndum. Þjónusta er fyrirferðarmikill á fyrrnefnda svæðinu og framleiðsla, ekki síst frumframleiðsla, á því síðarnefndu.

Árið 2014 voru 84,4% starfa á höfuðborgarsvæðinu í þjónustu, 14,5% í framleiðslu (þ.m.t. byggingastarfsemi), en einungis 1% í frumframleiðslu. Samsvarandi voru 63,5% starfa á landsbyggð í þjónustustarfsemi, 25,3% í framleiðslu og 11,2% í frumframleiðslu.

5.2. Öflugur **sjávarútvegsklasi** er á höfuðborgarsvæðinu. Annars vegar eru um 15% afla í þorskígildistonnum úthlutað til útgerða á svæðinu og Faxaflóahafnir stærsta löndunarhöfn landsins, en rösklega fimmtungi botnfiskafla er landað þar og um 10% heildaraflans. Hins vegar er margvísleg stoðþjónusta við veiðar og vinnslu til staðar á svæðinu og nýsköpun á sviði nýtingar sjávarfangs.

5.3. Uppgangur er í **byggingastarfsemi** og horfur allvænlegar. Mörg hótél eru í byggingu á höfuðborgarsvæðinu og áform um enn fleiri. Sömu sögu er að segja af íbúðabyggingum. Miklar sveiflur eru í byggingarstarfsemi. Á árunum 2006 til 2008 voru 8-9% starfa á höfuðborgarsvæðinu í byggingarstarfsemi, en undanfarin ár hefur hlutfallið verið 5-5½%. Enginn vafi er um að greinin líður mjög fyrir þessar sveiflur. Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins er ætlað að skapa ramma fyrir skipulagsáætlanir og íbúðabyggingar og þannig draga úr sveiflum í byggingarstarfsemi.

5.4. **Þjónustustarfsemi** á höfuðborgarsvæðinu má skipta í fimm hluta; opinbera stjórnsýslu og þjónustu, kennslu og rannsóknir, ferðaþjónustu, fjármálaþjónustu og aðra þjónustu einkaaðila. Hér verður stuttlega getið hinna fyrst tölðu.

5.4.1. **Ferðaþjónustan** er hin nýja fyrirvinna landsmanna sem sést best á því að hlutur ferðaþjónustu í gjaldeyristekjum var 27,9% árið 2014, samanborið við 22% frá sjávarútvegi og málma um 20%. Um 40% hagvaxtar 2010 til 2013 má rekja til ferðaþjónustu-tengdra greina. Áætlað er að um 70% vinnsluvirðis ferðaþjónustunnar verði til á höfuðborgarsvæðinu.

Vöxtur ferðaþjónustu hefur vissulega verið kærkomin og nauðsynlegur á erfiðum tímum. Einkennandi fyrir ferðaþjónustu um heim allan er að þar eru laun lág og menntunarstig að jafnaði lágt. Ferðaþjónusta mun þannig að óbreyttu ekki svara óskum vel menntaðs vinnuafns um starfsvettvang í framtíðinni.

5.4.2. **Opinber stjórnsýsla** og þjónusta mynda umtalsverðan klasa á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru tæplega 5 þúsund störf í opinberri stjórnsýslu á höfuðborgarsvæðinu árið 2014 og hefur þeim fækkað um 26% frá 2008 og aðeins í byggingarstarfsemi fækkar störfum í meira mæla yfir þetta tímabil. Landspítali Háskólasjúkrahús (LSH) er stærsti vinnuveitandi svæðisins með um 3.750 stöðugildi 2014, samanborið við um 3.870 árið 2008.

5.4.3. LSH er öflug rannsókn- og kennslustofnun og myndar með Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Listaháskóla kjarnann í **akademískum rannsóknum** á Íslandi. Meðal verkefna í sóknaráætlun 2013 var verkefnið *Vísindagarðar og þekkingargreinar* og í samstarfi við haghafa er nú unnið að uppbyggingu vísindaþorps í Vatnsmýrinni (Reykjavík Science City). Uppbygging heilbrigðisklasa á höfuðborgarsvæðinu er meðal afrakstrar sóknaráætlunarverkefnisins um nýsköpun.



**Áskorun:** Skortur á haldgóðum og tímabærum hagtolum um einstakar atvinnugreinar stendur stefnumörkun fyrir þrifum. Þetta á ekki hvað síst við um byggingarstarfsemi, nýsköpun og útflutning annan en sjávarafurða og áls.

## 6. Samgöngur

- 6.1. Greiðar samgöngur eru ein meginforsenda borgarsamfélags. Í strjálbýlu borgarsamfélagi eins og á höfuðborgarsvæðinu skipta samgöngur höfuðmáli fyrir íbúa sem og atvinnulíf.
- 6.2. Markmið sóknaráætlunarverkefnisins um samgöngur<sup>5</sup> var að kalla fram skýra sýn á þá þætti sem móta samgöngustefnu til næstu áratuga fyrir höfuðborgarsvæðið.
- 6.3. Þrjár sviðsmyndir um uppbyggingu byggðar og samgöngumáta á höfuðborgarsvæðinu voru lagðar til grundvallar. Lagt var mat á kostnað og hagkvæmni mismunandi leiða fyrir öflugt og umhverfisvænt samgöngukerfi.
- 6.4. Niðurstöður matsins eru skýrar. Þjóðhagslega er hagkvæmt að fjárfesta í nýju almenningssamgöngukerfi í stað hefðbundinna vegaframkvæmda. Núvirtur þjóðhagslegur ábati slíkrar fjárfestingar umfram óbreytta stefnu í byggðar- og samgöngumálum er áætlaður a.m.k. 200–400 ma.kr. og er þá m.a. tekið tillit til áhrifa á heilsufar og minni þarfar fyrir bílastæði. Því til viðbótar má leiða líkum að því að ábati heimila vegna minni bílakaupa séu um 100–250 ma.kr.
- 6.5. Umferðaspár draga fram að tafir í umferð margfaldast ef ekki tekst að breyta ferðavenjum. Gildir það sama þó að farið verði í vegaframkvæmdir innan höfuðborgarsvæðisins sem metnar eru á um 150 milljarða króna.
- 6.6. Í gildi er samningur milli SSH og innanríkisráðuneytisins um eflingu almenningssamgangna. Samningurinn er settur upp sem 10 ára þróunarverkefni um að tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna á þeim tíma. Á þeim þremur árum sem liðin eru frá undirritun samningsins hefur ríkið dregið jafnt og þétt úr stuðningnum og er hann nú 87% af upphaflegu viðmiði.

**Áskorun:** Almenningsamgöngur og þétting byggðar eru lykillinn í að breyta ferðavenjum. Þar til nýlega hafa sveitarfélögin staðið ein að uppbyggingu og rekstri almenningssamgangna. Óljóst er hve lengi ríkið mun koma að eflingu almenningssamgangna. Hlutdeild rekstraraðila í kostnaði er mjög hár í samanburði við önnur borgarsvæði.

---

<sup>5</sup> Höfuðborgarsvæðið 2040: Mat á samgöngusviðsmyndum, [http://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyrslur/Vaxtarsamningur/Mat\\_samgongusv\\_loka\\_NET.pdf](http://ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyrslur/Vaxtarsamningur/Mat_samgongusv_loka_NET.pdf)



## 4 Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015–2019 – mótun verkefna og verkefna

Svo sem fram kemur í kafla 2.2. hér að framan mun sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015–2019 einkum mótast af fyrstu þremur leiðarljósum sem sett eru fram í „Höfuðborgarsvæðið 2040“

Markmiðið er að þau verkefni sem valin verða falli vel að leiðarljósum og framtíðarsýn, og að þau leiki marktækt hlutverk í nauðsynlegum aðgerðum til að ná þeim markmiðum sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sett sér.

Í ljósi þeirrar miklu greiningarvinnu sem unnin var í tengslum við sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013 og þeirra ábendinga og tillagna sem af þeirri vinnu leiddu er horft til þess að móta og byggja verkefni ársins 2015 á því sem fyrir liggur úr þeirri vinnu. Við mótun verkefna sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2013 kallaði SSH saman sérstakt 25 manna ráðgjafaráð til samráðs við mótun helstu áherslusviða. Tillögur ráðgjafaráðsins voru lagðar til grundvallar við verkefnaáætlun fyrir árið 2013, og sömuleiðis voru þær tillögur nýttar við mótun nýs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Vegna mótunar nýrra verkefna fyrir árin 2016–2019 verður síðan byggt á samtali við samráðsvettvang SSH sem kallaður verður saman á síðari hluta árs 2015. Í ljósi góðrar reynslu af starfi ráðgjafaráðsins 2012 er horft til þess að nýta ráðgjafaráðið áfram sem kjarna, og auka við þann hóp í samræmi við ákvæði um skipan samráðsvettvangsins í samningi um sóknaráætlun 2015–2019

### 4.1. Verkefni 2015

#### 4.1.1. Fjármögnun verkefna 2015

Við val og mótun verkefna til vinnslu á árinu 2015 vegna sóknaráætlunar og innleiðingar á tillögum í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að eftirfarandi fjármunir verði til ráðstöfunar:

Mögulegt fjárflæði - verkefnafé	2015	2016	2017	2018	2019
	þ.kr	þ.kr	þ.kr	þ.kr	þ.kr
Framlag ríkisins skv. samningi	19.400	19.400	19.400	19.400	19.400
Ónotað úr sóknaráætlun 2014	13.000	0	0	0	0
Árlegt verkefnafé SSH	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000
Svæðisskipulag vegna tengdra verkefna	5.000	5.000	2.000	1.000	1.000
<b>SAMTALS:</b>	<b>42.400</b>	<b>29.400</b>	<b>26.400</b>	<b>25.400</b>	<b>25.400</b>

Þá eru ótalin möguleg verkefnaframlög samstarfsaðila í einstökum verkefnum.

Ofangreint er með fyrirvara um fjárheimildir í fjárlögum hvers árs og fjárhagsáætlun SSH hverju sinni.



Í samræmi við framangreint og með vísun í leiðarljós, framtíðarsýn verður á árinu 2015 horft til tveggja meginsviða, annars vegar verkefna sem tengjast framvindu þróunaráætlunar svæðisskipulagsins, og hins vegar verkefni sem tengjast eflingu á alþjóðlegri samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins. Fjögur verkefni hafa verið skilgreind til vinnslu á árinu 2015, og þrjú þeirra tengjast báðum meginsviðunum. Þessi verkefni eru:

Áherslusvið:		Þróunaráætlun svæðisskipulags Efling atvinnulífs	Alþjóðleg samkeppnishæfni
Verkefni:			
Borgarlína seinni áfangi	Heild: 48 mkr Sókn: 13 mkr (2015)	Framhald verkefnis sem hófst 2014. Verkefnið er grundvallarþáttur við útfærslu á meginstefnu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um fyrirkomulag almenningsgangna	Áhrif borgarlínunnar á uppbyggingu og styrkingu byggðar meðfram henni munu styrkja samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins
Höfuðborgarsvæðið í tölum	Heild: 12 m Sókn: 9 m (2015)	Framhald verkefnis sem hófst 2014. Öflugur talnagrunnur um höfuðborgarsvæðið er ein meginforsenda markvissrar stefnumótunar og áætlanagerðar	Skýr yfirsýn yfir alla lykilþætti í hagkerfi höfuðborgarsvæðisins, innviði, atvinnulíf, styrkleika og veikleika er ein meginforsenda markvissra aðgerða til eflingar á samkeppnishæfni svæðisins og grundvöllur sóknar.
Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum	Heild: 12 m Sókn: 8 m (2015)	Mikilvægur liður í eflingu atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu felst í aukinni fjárfestingu í uppbyggingu innviða og atvinnurekstri	Ítrekað hefur verið bent á þörf fyrir markvissa aðkomu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu að beinum aðgerðum til að auka erlenda fjárfestingu í atvinnulífi á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið á að leiða af sér mótun sameiginlegs vettvangs sem getur tekist á við sameiginlega markaðssetningu með aðkomu sveitarfélaganna, samstarfi við invest in Iceland, SA etc.
Höfuðborgarsvæði sem háskólaborg	Heild: 3,5 m Sókn: 2,5 m (2015)		Framhald verkefnis sem var inni í verkefnaáætlun sóknaráætlunar 2014. Bætt þjónusta sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við háskólastarfsemi á svæðinu er mikilvægur þáttur til að styrkja samkeppnishæfni Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins sem háskólaborgar.

Ofangreind verkefnaframlög fela ekki í sér mögulegt verkefnaframlag samstarfsaðila sem leitað verður til við úrvinnslu verkefnanna. Nánari grein er gerð fyrir þeim þætti í verkefnalýsingum hér fyrir aftan.



## 4.2 VERKEFNALÝSINGAR VERKEFNA SÓKNARÁÆTLUNAR HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2015



Verkefni 1	„Borgarlína, seinni hluti“ – nýtt hágæða almenningssamgangakerfi á höfuðborgarsvæðinu.
Markmið (hvaða vandamál á að leysa?)	<p><i>Markmiðið er að í lok verkefnisins sé búið að festa legu kerfisins. Einnig að kominn verði grunnur að nýju sjálfstæðu verkefni um rekstrarform, fjárfestingar og framkvæmdaáætlun sem tekur við keflinu og byggir upp nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi – Borgarlínu.</i></p> <p><i>Verkefnið felur í sér tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning vegna ákvörðunar um legu nýs hágæða almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu – Borgarlínu, í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu að nýju svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið til ársins 2040.</i></p>
Framkvæmdaaðili (ef fleiri en einn, tilgreinið hlutdeild hvers af heildarstyrk -upphæð)	SSH fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna er aðal framkvæmdaraðili og mun ráðstafa allri styrkuppþæðinni. Vegagerðin er einnig framkvæmdar-aðili í samræmi við meðfylgjandi samkomulag ofangreindra aðila.
Samstarfsaðilar	Skipulags- og samgöngudeildir aðildarsveitarfélaga, Strætó bs., Innanríkisráðuneytið og þróunaraðilar. Einnig verður haft samráð við aðra aðila s.s. Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, Verkefna forkólfa Fluglestarinnar, notendur samgöngu-kerfa og fleiri.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Eins og fram kemur í kafla 2.2. á verkefnið tengsl við eftirfarandi leiðarljós: LEIÐARLJÓS 1: Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins LEIÐARLJÓS 2: Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi LEIÐARLJÓS 3: Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni  Einnig er verkefninu ætlað að mæta áskorunum sem snerta samgöngur og staðhætti og sérkenni höfuðborgarsvæðisins.
Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)	Helstu árangursmælikvarðar: <ul style="list-style-type: none"><li>• Lega Borgarlínu fest í skipulagi sveitarfélaga.</li><li>• Kynningarefni um gildi almenningssamgangna.</li><li>• Ákvörðun um sjálfstætt verkefni sem tekur við keflinu.</li></ul>
Tímarammi	Niðurstöður verkefnisins munu liggja fyrir um mitt ár 2017.
Áætlaður kostnaður	Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir heildarkostnaði upp á 48 mkr.
Framlag úr sóknaráætlun 2015	13 mkr.





Verkefni 2	Tölfræði höfuðborgarsvæðisins
Markmið (hvaða vandamál á að leysa?)	<p><i>Skortur á haldgóðum og tímabærum hagtölum um höfuðborgarsvæðið og atvinnulíf þess torveldar stefnumótun og eftirfylgd með stefnumörkun á mörgum sviðum. Verkefninu er sérstaklega ætlað að</i></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• <i>bæta tölfræði um skipulag og byggingarstarfsemi á svæðinu og er þannig liður í eftirfylgni með svæðisskipulagi og þróunaráætlun,</i></li><li>• <i>leggja grunn að bættri samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins með því að hafa tiltækar upplýsingar sem leitað er eftir í samanburði á samkeppnishæfni borga og borgarsvæða,</i></li><li>• <i>uppfæra og þróa áfram mannfjöldaspá fyrir höfuðborgarsvæðið,</i></li><li>• <i>bæta tölfræði um stöðu nýsköpunarfyrirtækja á svæðinu,</i></li><li>• <i>safna, greina og setja fram ítarlega tölfræði um samgöngur innan höfuðborgarsvæðisins</i></li><li>• <i>og miðla upplýsingum um svæðið á aðgengilegan hátt, á íslensku og ensku.</i></li></ul>
Framkvæmdaaðili (ef fleiri en einn, tilgreinið hlutdeild hvers af heildarstyrkupp hæð)	Verkefnið verður undir stjórn skrifstofu SSH. Gert er ráð fyrir tímabundinni ráðningu verkefnisstjóra á vegum SSH.
Samstarfsaðilar	Helstu samstarfsaðilar eru: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands, Samtök iðnaðarins, Byggðastofnun, Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar, aðildarsveitarfélög SSH.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Í sóknaráætlun 2013 var áhersla m.a. á að „þróa hagvísu og viðmið til að meta núverandi stöðu lykilþátta og setja mælanleg markmið um þróun þeirra til framtíða.“ Verkefni skiluðu ágætum árangri á sumum sviðum, en ljóst að leggja þarf mun meiri vinnu í að ná settum markmiðum.</p> <p>Verkefni ársins 2015 í sóknaráætlun 2015 – 2019 hvíla á tveimur meginstoðum: efling atvinnulífs (þróunaráætlun svæðisskipulags) og alþjóðleg samkeppnishæfni. Þetta verkefni styður báða þessa þætti og er grundvöllur eftirfylgni með árangri. Verkefnið tengist sérstaklega verkefnistillögu um markaðssetningu gagnvart erlendum fjárfestum.</p>
Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)	<p>Endanlegt markmið verkefnisins er að koma á lifandi gagnagrunni, mælaborði, þar sem miðlað er m.a. bættri tölfræði um þau atriði sem talin eru upp hér að ofan.</p> <p>Miðlun tímabærra upplýsinga til samfélagsins, ekki síst um skipulags- og byggingamál, stuðlar að skynsamlegri ákvörðunartöku opinberra aðila sem og aðila á markaði.</p>
Tímarammi	Stefnt er að því að lifandi gagnagrunn megi sjá á heimasíðu SSH í árslok 2015, og að verkefninu ljúki í mars 2016.
Áætlaður kostnaður	Beinn kostnaður er áætlaður 12 mkr., auk verkefnaframlags samstarfsaðila.
Framlag úr sóknaráætlun 2015	10 mkr.



<b>Verkefni 3</b>	<b>Erlend fjárfesting - Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins undir einu vörumerki</b>
Markmið (hvaða vandamál á að leysa?)	Tilgangur verkefnisins er að byggja upp einn vettvang fyrir sameiginlega markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins gagnvart erlendum fjárfestum, ná fram markvissu samstarfi þeirra sem leika lykilhlutverk í þeirri markaðssetningu, tryggja að á hverjum tíma séu til staðar réttar og áreiðanlegar upplýsingar um hagstærðir, innviði, lóðaframboð og aðra þá þætti sem skipta máli við staðarval og ákvarðanatöku fjárfesta.
Framkvæmdaaðili (ef fleiri en einn, tilgreinið hlutdeild hvers af heildarstyrkuppþæði)	Gert er ráð fyrir tímabundinni ráðningu verkefnisstjóra á vegum SSH sem heldur utan um verkefnið, mótar meginþætti þess og leiðir samstarf þeirra aðila sem koma að verkefninu
Samstarfsaðilar	Markaðsskrifstofur aðildarsveitarfélaga SSH, Landsvirkjun, Íslandsstofa, Þjóðskrá, Hagstofan, Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, greiningardeildir bankanna. Leitað verður bestu erlendra fyrirmýnda, s.s. copcap.dk.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Verkefnið á sér sterk tengsl við verkefni 2 „Tölfræði höfuðborgarsvæðisins“, þar sem ýmis grunngögn sem þar verða dregin upp og sett fram munu nýtast með beinum hætti í þessu verkefni.
Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)	Afurðir: Ný og endurbætt heimasíða „Invest in Reykjavik“ með þátttöku aðildarsveitarfélaga SSH; lifandi gagnasafn með reglulega uppfærðum upplýsingum um alla lykilþætti, mælaborð, gagnagrunnur og kortasjá uppsett á heimasíðu SSH.
Tímarammi	Gert er ráð fyrir að vinna við verkefnið hefjist af fullum krafti í lok ágústmánaðar og ljúki í febrúar eða mars 2016
Áætlaður kostnaður	Beinn kostnaður 12 mkr., auk verkefnaframlags samstarfsaðila.
Framlag úr sóknaráætlun 2015	10 mkr.



<b>Verkefni 4</b>	<b>Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg – innleiðing tillagna úr verkefni 3.3 í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013</b>
Markmið (hvaða vandamál á að leysa?)	Að bæta þjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við háskólastarfsemi á svæðinu og bæta samkeppnishæfni Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins sem háskólaborgar. Verkefnið felur í sér framkvæmd og úrvinnslu á fyrirbyggjandi tillögu stýrihóps verkefnis 3.3. úr sóknaráætlun 2013 um þróunarverkefni til að efla læsi grunnskólabarna á öllu höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið skiptist í 3 undirflokka sem er nánar lýst í meðfylgjandi greinargerð.
Framkvæmdaaðili (ef fleiri en einn, tilgreinið hlutdeild hvers af heildarstyrkupp hæð)	Sérstakur verkefnisstjóri mun stýra verkefninu undir yfirumsjón skrifstofu SSH og í samvinnu við stýrihóp verkefnaflokks 3 í sóknaráætlun 2013 fyrir höfuðborgarsvæðið.
Samstarfsaðilar	Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Strætó bs., Stúdentaráð Háskóla Íslands, Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík, nemendafélög Listaháskólans, Samband íslenskra framhaldsskólanema, fræðslu- og skipulagssvið aðildarsveitarfélaganna.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Verkefnið á sér beina vísun í tillögur verkefnastjórnar „Skóla og menntunar í fremstu röð“ sem koma fram í skýrslunni: <i>Höfuðborgarsvæðið sem háskólaborg</i> .
Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)	Aðgerðaáætlanir munu liggja fyrir í öllum efnispáttum verkefnisins. Samningar við ábyrgðaraðila um innleiðingu og framkvæmd verkefna munu liggja fyrir.
Tímarammi	Aðgerðaáætlanir í öllum þremur undirflokkum tilbúna fyrir lok mars 2015. Samningar við ábyrgðaraðila um innleiðingu og framkvæmd verði tilbúna fyrir árslok 2015.
Áætlaður kostnaður	Beinn verkefnakostnaður 3,5 mkr., auk verkefnaframlags samstarfsaðila
Framlag úr sóknaráætlun 2015	2.5 mkr.



## Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015–2019

Skýrslur og heimildir sem stuðst var við:

1. HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040 – nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins; SSH júní 2015
2. Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015–2019, fyrri hluti; SSH júní 2015
3. Höfuðborgarsvæðið 2040- mat á samgöngusviðsmyndum; Mannvit verkfræðistofa 2014
4. “Höfuðborgarsvæðið og hagkerfið”; Sigurður Snævarr og Vilborg Júlíusdóttir, júlí 2014
5. “Þróun og framreikningur á mannfjölda á höfuðborgarsvæðinu”; Ingunn Þorsteinsdóttir og Sigurður Snævarr, júlí 2014
6. “Höfuðborgarsvæðið – stöðugreining 2014” – Byggðastofnun 23.02.2015
7. Charting a Growth Path for Iceland, McKinsey, 2012.
8. Definition of Functional Urban Area (FUA) for the OECD Metropolitan Database, OECD, september 2013.
9. Northern Lights: The Nordic Cities of Opportunity, PWC, 2012.
10. Vísindaporpið í Vatnsmýrinni (Reykjavík Science City), Áfangaskýrsla verkefnisstjórnar, 2014.
11. A Summary of the Liveability Ranking and Overview, Economist Intelligence Unit, 2015.
12. Borgarlínan – Greining á bestu legu. Mannvit mars 2015
13. Minnisblað Alta "Höfuðborgarsvæðið og skilgreining borgarsvæða frá OECD " dags 12.02.2015